

**Ríkissaksóknari**

**06 301**

**Ársreikningur 2023**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumans .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum .....	<b>6</b>
Skýringar .....	<b>7</b>

**Ríkissaksóknari**

**kt. 530175-0229**

**Suðurlandsbraut 4, 6.hæð, 108 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvalds. Hann er skipaður af ráðherra ótímabundið og skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt. Ríkissaksóknara til aðstoðar eru vararíkissaksóknari, sem skal fullnægja sömu lagaskilyrðum og er einnig skipaður ótímabundið, saksóknarar og aðstoðarsaksóknarar.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 9 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 435,7 milljónir og afkoma kr. -27,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -15,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 41,7 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Ríkissaksóknara fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Sigríður J. Friðjónsdóttir,  
ríkissaksóknari

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	408.200.000	386.000.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	3	25.000.000	0
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	<u>2.483.282</u>	<u>2.566.708</u>
<b>Tekjur samtals</b>		<b>435.683.282</b>	<b>388.566.708</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	4	405.499.109	331.512.727
Annar rekstrarkostnaður .....	5	55.036.860	51.162.559
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		2.784	2.251
Afskriftir og niðurfærslur .....	6	<u>2.483.282</u>	<u>2.566.708</u>
<b>Gjöld samtals</b>		<b>463.022.035</b>	<b>385.244.245</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b><u>(27.338.753)</u></b>	<b><u>3.322.463</u></b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....		27.747.761	1.205.026
Tengdir aðilar .....	7	4.506.214	63.060.354
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	8	9.476.519	7.762.160
<b>Eignir samtals</b>		<b>41.730.494</b>	<b>72.027.540</b>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	7	1.511.972	1.273.967
Viðskiptaskuldir .....		1.738.673	2.520.157
Ýmsar skammtímaskuldir .....	9	37.416.537	38.848.069
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	10	16.014.640	16.997.922
<b>Skuldir samtals</b>		<b>56.681.822</b>	<b>59.640.115</b>
<b>Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals</b>		<b>(14.951.328)</b>	<b>12.387.425</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	11	(14.951.328)	12.387.425
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>(14.951.328)</b>	<b>12.387.425</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>41.730.494</b>	<b>72.027.540</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(27.338.753)	3.322.463
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	6	2.483.282	2.566.708
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(2.483.282)	(2.566.708)
		<u>(27.338.753)</u>	<u>3.322.463</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Tengdir aðilar .....		56.094.504	(6.177.626)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(2.213.016)	2.833.788
		<u>53.881.488</u>	<u>(3.343.838)</u>
		<u>26.542.735</u>	<u>(21.375)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(4.197.641)	(1.266.354)
		<u>(4.197.641)</u>	<u>(1.266.354)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		2.697.641	0
Fjárfestingarframlag .....		1.500.000	1.266.354
		<u>4.197.641</u>	<u>1.266.354</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		26.542.735	(21.375)
		<u>1.205.026</u>	<u>1.226.401</u>
		<u>27.747.761</u>	<u>1.205.026</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023 .....	401.300.000	1.500.000	402.800.000
<b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjárukalögum .....</b>	<b>401.300.000</b>	<b>1.500.000</b>	<b>402.800.000</b>
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda .....			
Launabætur .....	6.900.000		6.900.000
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>408.200.000</b>	<b>1.500.000</b>	<b>409.700.000</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað) .....	12.387.425	9.235.762	21.623.187
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>420.587.425</b>	<b>10.735.762</b>	<b>431.323.187</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(435.538.753)	(4.197.641)	(439.736.394)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2023 .....</b>	<b>(14.951.328)</b>	<b>6.538.121</b>	<b>(8.413.207)</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.



## Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningssskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2023	2022
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	408.200.000	386.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	2.483.282	2.566.708
	<u>410.683.282</u>	<u>388.566.708</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	401.300.000	0	0	401.300.000
Launabætur .....	6.900.000	0	0	6.900.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>408.200.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>408.200.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(435.538.753)	0	0	(435.538.753)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(27.338.753)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(27.338.753)</b>

	2023	2022
<b>3 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	25.000.000	0
	<u>25.000.000</u>	<u>0</u>

### 4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	329.535.584	267.946.303
Orlof, breyting .....	(1.272.130)	1.635.512
Launatengd gjöld .....	74.658.930	60.435.263
Starfsmannakostnaður .....	2.576.725	1.495.649
	<u>405.499.109</u>	<u>331.512.727</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	17,1	15,8
------------------------------	------	------

### 5 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	973.194	690.473
Ýmis tæki og áhöld .....	566.485	189.331
Orkugjafar .....	356.400	344.045
Matvæli .....	2.632.574	2.401.799
Almennar rekstrarvörur .....	216.588	148.045
Vörukaup, almenn	4.745.241	3.773.693
Fundir, námskeið, risna .....	1.462.162	2.409.316
Ferðir, uppihald .....	1.451.163	1.958.147
Akstur .....	503.356	1.018.546
Sérfræðiþjónusta .....	2.791.385	2.173.886
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	108.760	25.551
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	527.250	942.595
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	4.608.011	5.034.230
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	11.452.087	13.562.271

## Skýringar

	2023	2022
<b>5 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)</b>		
Afnotagjöld .....	2.841.008	2.019.577
Leigugjöld .....	20.315.332	18.726.859
Notkun véla og flutningatækja .....	115.260	19.700
Verkkaup .....	7.501.561	5.578.264
Kostnaðarhlutdeild .....	8.066.371	7.482.195
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	38.839.532	33.826.595
Annar rekstrarkostnaður samtals	55.036.860	51.162.559

## 6 Afskriftir

Áhöld, tæki og búnaður .....	2.482.436	2.447.639
Aðrar eignir .....	846	1.700
Söluþap og úreltar eignir .....	0	117.369
	2.483.282	2.566.708

**31.12.2023** **31.12.2022**

## 7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	4.506.214	63.060.354
	4.506.214	63.060.354

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila .....	1.511.972	1.273.967
	1.511.972	1.273.967

## 8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	9.401.519	7.686.314
Aðrar eignir .....	75.000	75.846
	9.476.519	7.762.160

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2023 .....	25.014.486	92.000	25.106.486
Viðbætur á árinu .....	4.197.641	0	4.197.641
Selt/úrelt á árinu .....	(394.534)	0	(394.534)
	28.817.593	92.000	28.909.593
Afskriftir 01.01.2023 .....	17.328.172	16.154	17.344.326
Afskrift ársins .....	2.482.436	846	2.483.282
Selt/úrelt á árinu .....	(394.534)	0	(394.534)
	19.416.074	17.000	19.433.074
Staða 31.12.2023 .....	9.401.519	75.000	9.476.519

## Skýringar

	31.12.2023	31.12.2022
<b>9 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	37.416.537	38.688.667
Önnur ógreidd gjöld .....	0	159.402
	<u>37.416.537</u>	<u>38.848.069</u>

### 10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2023	31.12.2022
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	9.476.519	7.762.160
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) .....	6.538.121	9.235.762
	<u>16.014.640</u>	<u>16.997.922</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2023 .....	7.762.160	9.235.762	16.997.922
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	1.500.000	1.500.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	4.197.641	(4.197.641)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(2.483.282)	0	(2.483.282)
	<u>9.476.519</u>	<u>6.538.121</u>	<u>16.014.640</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 2,1 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

### 11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2023	31.12.2022
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	12.387.425	9.064.962
Afkoma ársins .....	(27.338.753)	3.322.463
Jöfnuður 31.12. ....	<u>(14.951.328)</u>	<u>12.387.425</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## Skýringar

### 12 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Gerðir hafa verið skuldbindandi samningar um húsnæði til ársloka 2025 og ótímabundna þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 21,0 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 8,2 milljónum.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

#### *Veittar ábyrgðir*

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.